

Nefndasvið Alþingis

Efnahags- og viðskiptanefnd

nefnadasvid@althingi.is

Reykjavík 30 október 2020

Umsögn KPMG Law ehf. um „frumvarp til laga um breytingu á lögum um tekjuskatt og lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda (samsköttun og erlent vinnuafli), á þingskjali 4-4. mál

Í tölvuskeyti nefndasviðs Alþingis þann 14. október 2020 var KPMG gefinn kostur á að veita umsögn um framangreint frumvarp til laga. KPMG hefur kynnt sér frumvarpið og sér ástæðu til að koma á framfæri eftirfarandi athugasemdum og tillögum.

Takmörkun á frádrætti vaxtagjalda

KPMG Law ehf. ítrekar þær athugasemdir og tillögur sem KPMG ehf. hefur komið með á fyrri þingum og ekki hefur verið tekið tillit til.

Launagreiðandi útleigðs vinnuafli

Í 3. gr. frumvarpsins er lagt til að við 7. gr. laga nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda (SGL), verði aukið málsgrein við skilgreiningu á hugtakinu launagreiðandi. KPMG Law ehf. gerir eftirfarandi athugasemdir við þá tillögu.

KPMG Law vill ítreka að mikilvægt er að sporna gegn misnotkun á vinnuafli og skiptir þar engu hvort um sé að ræða innlent eða erlent vinnuafli. Þá á heldur ekki að skipta máli um hvaða atvinnugrein sé að ræða.

Í frumvarpinu er það nefnt að nú skulu stigin næstu skref gegn skattaundanskotum vegna útleigu vinnuafli. Þeim tilgangi skal náð með því að færa alla ábyrgð á „notendafyrirtæki“.

Rétt er að geta þess að nú þegar er skýr skattskylda og staðgreiðsluskylda á erlendum þjónustuveitendum og starfsmönnum þeirra sem inna af hendi starf sitt á Íslandi.

Að því er varðar erlendu þjónustufyrirtækin sjálf að þá er kveðið á um skattskylduna í 3. tl. 1. mgr. 3. gr. laga nr. 90/2003 um tekjuskatt (TSL). En þar segir varðandi skattskyldu erlendra aðila sem veita þjónustu á Íslandi „Allir aðilar sem fá greiðslu fyrir þjónustu eða starfsemi innta af hendi hér á landi skulu greiða tekjuskatt af þeim tekjum“ og um staðgreiðsluskylduna af þessum greiðslum er fjallað í SGL en það er íslenski aðilinn sem greiðir fyrir þjónustuna sem er staðgreiðsluskattskyldur.

Að því er varðar skattskylduna hjá starfsmönnum sjálfum að þá er um hana fjallað í 1. tl. 1. mgr. 3. gr. TSL. „Allir menn sem dvelja hér á landi og njóta launa fyrir störf sín hér skulu greiða tekjuskatt af þeim launum. Hér með teljast þeir menn sem atvinnu stunda hér á landi, eða um borð í loftfari eða skipi sem skráð er hér á landi, þar með talið á grundvelli samninga um útleigu á vinnuafli, þótt dvöl þeirra eða starf vari 183 daga samtals eða skemur á sérhverju 12 mánaða tímabili“ og um staðgreiðsluskylduna af þessum tekjum er fjallað í SGL.

Ljóst er því að í nágildandi lögum er að finna nægar heimildir til að koma í veg fyrir hugsanleg skattaundanskot þessara erlendu aðila.

Með frumvarpinu og tillögu að ákvæði í 3. gr. virðist áætlunin vera að innleiða nýtt ákvæði með nýja skilgreiningu á hugtakinu „vinnuveitandi“ eða „raunverulegur vinnuveitandi“. Slíkt hugtak er ekki skilgreint sérstaklega í íslenskum skattalögum en er vel þekkt úr leiðbeiningarreglum tvísköttunarsamningsfyrirmyndar OECD. Þá er að finna langa úrskurðarframkvæmd á Íslandi um slík álitafni og hefur ríkisskattstjóri m.a. tekið saman helstu atriði úr úrskurðarframkvæmd um til hvers skuli horft á heimasíðu sinni: <https://www.rsk.is/atvinnurekstur/ad-hefia-rekstur/stofna-rekstur/> (gerviverktaka).

Ef vilji stendur til þess að innleiða með beinum hætti skilgreiningu hvað felst í hugtakinu raunverulegur vinnuveitandi í skattalegu tilliti að þá væri réttast að innleiða slíkt ákvæði í lög um tekjuskatt en ekki lög um staðgreiðslu á opinberum gjöldum sem kveður ekki á um skattskylduna sjálfa. Þá væri einnig réttara að styðjast við þær leiðbeiningar sem komið hafa fram í úrskurðum yfirskattanefndar og frá ríkisskattstjóra. Þá hefur ríkisskattstjóri í athugasemdum við ákvæði þetta komið þeim athugasemdum á framfæri að réttara væri að breyta lögum um tekjuskatt.

Verður að teljast óeðlilegt að tekin sé út einungis sú atvinnustarfsemi sem snýr að byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð. Fjöldi annarra atvinnustarfsemi kaupir þjónustu frá erlendum aðilum.

Þá verður að gera þá kröfu til réttarríkis að skattalög séu skýr. Bent hefur verið á í greinargerð þessari sem og frá öðrum aðilum sem sent hafa inn athugasemdir við frumvarp þetta og einnig áður þegar frumvarpið var lagt fram að mörg atriði varðandi framkvæmd ákvæðisins eru óljós eða hreint ekki tekið á, t.d. nýting persónuafsláttar hins erlenda starfsmanns.

Einnig má velta fyrir sér hvort að ákvæðið í núverandi mynd standist þær skuldbindingar sem Ísland hefur undirgengist með samningnum um Evrópska efnahagssvæðið. En umtalsvert ríkari kröfur eru lagðar á íslenskt fyrirtæki þegar það kaupir þjónustu af erlendum aðila en innlendum.

Sá skammi frestur sem gefinn er þar til ákvæðinu er ætlað að taka gildi, þ.e. frá og með 1. júlí 2021 er einnig gagnrýniverður.

Með vísan til alls ofangreinds leggur KPMG Law til að innleiðingu ákvæðisins verði frestað og farið verði í ítarlegri skoðun og vinnu í tengslum við innleiðingu á hugtakinu „raunverulegur vinnuveitandi“

Virðingarfyllt,

KPMG Law ehf.

Ágúst Karl Guðmundsson, lögmaður, LL.M,
Eigandi